

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

Haldinn á Hótel Höfn miðvikudaginn 3. nóvember 2021 kl. 13:30

Jón Björn Hákonarson, formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands, bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi Stefán Boga Sveinsson sem fundarstjóra og Láru Guðmundsdóttur fundarritara. Ekki komu fram aðrar tillögur og töldust þau þar með rétt kjörin.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins. Hluti fulltrúa tók þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað. Áður en að gengið var til dagskrár var farið yfir fjölda atkvæða og nöfn viðkomandi fulltrúa sveitarfélaga, skv. eftirfarandi.

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2021	Fulltrúar á aðalfundi 2021
Vopnafjarðarhreppur	3	Sara Elísabet Svansdóttir
Fljótsdalshreppur	1	Jóhann Frímann Þórhallsson
Múlaþing	15	Stefán Bogi Sveinsson og Helgi Hlynur Ásgrímsson
Fjarðabyggð	15	Jón Björn Hákonarson
Hornafjörður	8	Matthildur Ásmundardóttir

### Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020
2. Ársreikningur 2020
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
5. Gjaldskrá HAUST nr. 22/2020 m.s.br.
6. Umræður um liði 4 og 5
7. Tillaga að breytingu á stofnsamþykkt
8. Önnur mál

## 1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020

Jón Björn Hákonarson flutti skýrslu stjórnar og fylgir skýrslan fundargerðinni.

## 2. Ársreikningur 2020 lagður fram

Leifur Þorkelsson kynnti ársreikning 2020. Reikningurinn er endurskoðaður af KPMG og áritaður af skoðunarmönnum. Ársreikningurinn var tekinn fyrir hjá heilbrigðisnefnd á fundi 14.10.2021 og þá afgreiddur til aðalfundar.

	Niðurstaða ársreiknings 2020	Áætlun 2020
Tekjur	82.586.518	88.542.134
Gjöld	79.467.844	88.534.098
<b>Niðurstaða</b>	<b>3.030.304</b>	<b>8.036</b>

## 3. Umræða um liði 1 og 2

Til máls tóku, Matthildur Ásmundardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Leifur Þorkelsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við ársreikninginn. Svo var ekki og skoðast hann því samþykktur samhljóða.

## 4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Drög að henni voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar 14.10.2021. Í áætluninni er meðal annars gert ráð fyrir að tímagjald hækki um 3,7% og að íbúaframlag sveitarfélaga verði áfram 29,5%.

## 5. Gjaldskrá HAUST nr. 22/2020 m.s.br.

Leifur Þorkelsson kynnti tillögu að breytingu á gjaldskrá HAUST. Tillagan gerir ráð fyrir ráð fyrir að upphæðir í nýrri gjaldskrá verði eftirfarandi:

Gjaldskrárbreytingar			
	2021	Tillaga 2022	Breyting
Tímagjald	13.500	<b>14.000</b>	3,70%
Vatnssýni	27.500	<b>28.500</b>	3,64%
Önnur sýni	20.200	<b>21.000</b>	3,96%
Ný starfsleyfi	25.600	<b>26.500</b>	3,52%
Endurnýjuð starfsleyfi	19.400	<b>20.000</b>	3,09%

## 6. Umræður um liði 4 og 5

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við fjárhagsáætlun. Svo var ekki og skoðast hún því samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við gjaldskrá. Svo var ekki og skoðast hún því samþykkt samhljóða.

## 7. Tillaga að breytingu á stofnsamþykkt

Leifur Þorkelsson kynnti tillögur að breytingum á stofnsamþykkt sem gerðar eru í kjölfar athugasemda frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Var m.a. bent á að lagfæra þyrfti atriði sem ekki væru í samræmi við sveitarstjórnarlög, svo sem varðandi fjárhagslegar skuldbindingar. Einnig þurfti að skerpa á ákvæðum varðandi valdframsal.

Tillaga að breytingum var samþykkt á 160. fundi heilbrigðisnefndar og send til umsagnar í ráðuneytinu sem gerði lítilsháttar athugasemdir við tillöguna. Á 163. fundi heilbrigðisnefndar voru lögð fram og samþykkt uppfærð drög að teknu tilliti til athugasemda ráðuneytisins. Jafnframt var samþykkt að vísa tillögunni til afgreiðslu aðalfundar.

Að lokinni kynningu kallaði fundarstjóri eftir því hvort athugasemdir væru gerðar við tillögu að breytingum á stofnsamþykkt Byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Engar athugasemdir komu fram og skoðast breytingarnar því samþykktar samhljóða.

## 8. Önnur mál

Ekki voru borin upp önnur mál. Fundarstjóri afhenti formanni stjórn fundarins og þakkaði hann fyrir góða fundarstjórn. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25.

Fundargerðina staðfesta Lára Guðmundsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson

---

Lára Guðmundsdóttir

---

Stefán Bogi Sveinsson

## Skýrsla stjórnar HAUST á aðalfundi 2021

Sú Heilbrigðisnefnd sem nú situr tók við á aðalfundi byggðasamlagsins haustið 2018 og er því að fara inní sitt síðasta starfsár. Nokkrar mannabreytingar hafa orðið í nefndinni á kjörtímabilinu m.a. í kjölfar sameiningar sveitarfélaga og búferlaflutninga. Frá síðasta aðalfundi sem fram fór á Borgarfirði í lok október 2020 hafa verið haldnir sex fundir í heilbrigðisnefnd, þar af tveir snertifundir annar á Djúpavogi í vor og hinn á Síreksstöðum í Vopnafirði um miðjan október. Starfið í nefndinni gengur vel og mál eru undantekninga laust afgreidd samhljóða og í sátt

### Starfsfólk

Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Austurlands eru sem fyrr 6 í 4,9 stöðugildum. Engar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi frá síðasta aðalfundi

### Rekstur

Byggðasamlagið hefur verið rekið nokkrum rekstararafgangi undanfarin ár og þar af leiðandi hefur verið hægt að endurnýja bifreiðar embættisins án lántöku og einnig er möguleiki á því að mæta óvæntum útgjöldum án þess að leita á náðir aðildarsveitarfélagana. Hins vegar er það ekki hlutverk byggðasamlagsins að skila hagnaði eða safna upp sjóði heldur er gert ráð fyrir því að tekjur standi undir þeirri lögbundnu þjónustu sem embættinu eru ætlað að veita.

### Starfsumhverfi

Á árinu óskaði Heilbrigðisnefnd eftir því við Umhverfisstofnun að samningur um framkvæmd eftirlits með fiskimjölsverksmiðjum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands yrði endurnýjaður. Jafnframt lýsti nefndin yfir vilja sínum til að taka að sér aukin eftirlitsverkefni f.h. stofnunarinnar. Í svari Umhverfisstofnunar sem barst nýlega kom fram að stofnunin er ekki tilbúin til þess að endurnýja samninginn. Flyst því eftirlit með fiskimjölsverksmiðjum yfir til Umhverfisstofnunar frá og með næstu áramótum líkt og eftirlit með sorpurðunarstöðum gerði fyrir tveimur árum. Þar með lýkur eftirlitsverkefnum HAUST fyrir Umhverfisstofnun en HAUST hefur sinnt eftirliti með Fiskimjölsverksmiðjum frá árinu 1995 og sinnti eftirliti með sorpurðunarstöðum á árabílinu 1998-2019. Það er sárt að horfa á eftir verkefnum flytjast frá sveitarfélögum á landsbyggðinni yfir til ríkisstofnanna á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst vegna þess að heilbrigðisnefnd hefur á undanförunum árum og áratugum sýnt mikið frumkvæði í því taka að sér eftirlitsverkefni fyrir hönd ríkisstofnanna.

*Nú í haust upplýsti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að vinna við endurskoðun laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir væri hafin og að haft yrði samráð við stjórnvöld og aðra haghafa varðandi vinnuna framundan. Engar upplýsingar hafa hins vegar borist frá ráðuneytinu varðandi vinnu við reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur sem staðið hefur yfir frá árinu 2018 né heldur nýja reglugerð um fráveitur og skólþ sem unnið hefur verið að á vegum ráðuneytisins í enn lengri tíma.*

Í frétt sem birtist á vef stjórnarráðsins þann 15. september sl. kom fram að á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis sé hafinn vinna við endurskoðun á eftirlitskerfi með matvælum, mengunarvörnum og hollustuháttum. Fram kemur að fyrirhuguð endurskoðun sé unnin framhald af vinnu KPMG sem á síðasta ári vann greiningu á opinberu eftirliti að beiðni ráðneytanna tveggja.

*Ekki liggur enn fyrir í hvað fellst í endurskoðun laganna eða eftirlitskerfisins og hvaða áhrif boðuð endurskoðun hefur á starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Sú skoðun Heilbrigðisnefndar að best fari á því lögbundnu eftirliti sé sinnt úr nærumhverfinu í stað þess að þenja út miðlægar eftirlitsstofnanir. Undir þetta sjónarmið tók umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í nefndaráli um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 7/1998 á 150. löggjafarþingi en þar segir orðrétt „Nefndin telur að best fari á því að eftirlit fari fram sem næst starfsemi hverju sinni en hlutverk stofnana ríkisins sé að huga að samræmingu og veita aðstoð þegar með þarf. Þar verði hugað að því hvernig þekking í nærumhverfi nýtist sem best, samskipti við stjórnvöld og upplýsingagjöf sé sem aðgengilegust og atvinnustarfsemi búi við sambærilegar aðstæður óháð staðsetningu um landið“.*